

Tanni Travel
Strandgötu 14
735 Eskifjörður, ISLAND.
Tel: +354-476-1399 Fax: +354-476-1599
E-mail: tannitravel@tannitravel.is Website: www.tannitravel.is



Tanni Travel
www.tannitravel.is

**FERÐA
SKILMÁLAR**

Greiðslur

Staðfestingargjald ferðar er 10% af heildarupphæð. Staðfestingargjald er ekki endurgreitt. Lokagreiðsla skal hafa borist ferðaskrifstofu eigi síðar en 6 vikum fyrir brottfarardag. Hafi fólk hug á að skipta greiðslum niður á kreditkort skal hafa samband við okkur um leið og staðfestingargjald er greitt. Ath. þegar greitt er með kreditkortu fylgja einhverjar ferðatryggingar með, allt eftir gerð kortsins. Við bendum við fólk á að kynna sér það.

Verð og verðbreytingar

Uppgefið áætlað verð við staðfestingu pöntunar kann að taka breytingum ef breyting verður á einum eða fleiri eftirfarandi verðmyndunarpáttum:

- Flutningskostnaði, þar með töldum eldsneytiskostnaði.
- Sköttum eða gjöldum fyrir tiltekna þjónustu s.s. lendingargjöldum eða gjöldum fyrir að fara um borð eða frá borði í höfnum eða á flugvöllum.
- Gengi þess gjaldmiðils sem á við um tiltekna ferð.

Ekki má breyta umsömdu verði síðustu 20 dagana áður en ferð hefst.

Það sem er ekki talið upp í verði sem innifalið, en gæti verið nefnt í ferðalýsingu, er valfrjáls en skal greiðast sérstaklega af hverjum einstaklingi fyrir sig.

Afpöntun ferðar

Ef ferð er afpöntuð:

- 4-6 vikum fyrir brottför – greiðist 40% af heildarupphæð.
- 2-4 vikum fyrir brottför – greiðist 60% af heildarupphæð.
- 0-2 vikum fyrir brottför – greiðist 100% af heildarupphæð.

Við mælum eindregið með að fólk kaupi sér forfallatryggingu, komi upp veikindi hjá viðkomandi eða nánustu aðstandendum.

Ef þátttakandi mætir ekki til brottfarar á réttum tíma eða getur ekki hafið ferðina vegna skorts á gildum ferðaskilríkjum, svo sem vegabréfi, áritun þess, vottorðs vegna ónæmisaðgerða eða af öðrum ástæðum, á hann ekki rétt á endurgreiðslu ferðarinnar.

Skyldur þátttakenda

Farþegar eru skuldbundnir að hlíta fyrirmælum fararstjóra eða starfsfólks þeirra aðila er ferðaskrifstofa skiptir við. Farþegi er skuldbundinn að hlíta lögum og reglum opinberra aðila í þeim löndum sem hann ferðast um, taka tillit til samferðarmanna sinna og hlíta þeim reglum er gilda á flutningatækjum, áningarstöðum (t.d. flughöfnum), gisti- og matsölustöðum o.s.frv., enda ber hann ábyrgð á tjóni sem hann kann að valda með framkomu sinni. Farþegi sem mætir ekki á brottfararstað (s.s. flugstöð) á réttum tíma hefur fyrirgert rétti sínum til bóta ef hann af þeim sökum verður afpöntuðu fari.

Takmörkun ábyrgðar og skaðabætur

Þátttakendur eiga þess kost að kaupa á sinn kostnað ferða-, slysa/sjúkra- og farangurstryggingu hjá tryggingafélögum. Einnig forfallatryggingu/gjald þar sem slík vernd er ekki innifalin í verði ferðar. Yfirleitt þarf að kaupa þessar tryggingar um leið og staðfestingargjald ferðar er greitt.

Ef farþegi veikist í hópferð ber hann sjálfur ábyrgð á kostnaði sem af því kann að hljóta sem og kostnaði við heimferðina. Farþegi á ekki rétt til endurgreiðslu þó hann ljúki ekki ferð af þessum ástæðum eða öðrum, sem ferðaskrifstofunni verður ekki um kennt

Gott að vita:

- Gott er að mæta snemma á flugvöllinn, í síðasta lagi 2 klst. fyrir brottför.
- Þið munuð fá sendan reikning með bókunarnúmeri, sem þið framvísið við innritun flugs. Engir flugmiðar verða gefnir út. Reikninginn getið þið sýnt í ykkar viðskiptabanka við kaup á gjaldeyri.
- Vinsamlegast ath. að þegar flogið er úr landi er hámarks magn vökva í handfarangri einungis 100 ml. – þ.m.t. varalitir, tannkrem, ilmvötn o.s.frv.
- Mælt er með því að allir farþegar hafi samband við Tryggingarstofnun Ríkisins og útvegi sér evrópskt sjúkratryggingarkort (þrátt fyrir að vera með ferða- og slysatryggingu hjá tryggingarfélagi). Kortið er öllum að kostnaðarlausu. Einnig er hægt að gera þetta á internetinu og er starfsfólk Tanna Travel tilbúið að aðstoða þá sem kjósa það.
- Gjaldeyri til ferðalaga er best að kaupa í viðskiptabanka hvers og eins áður en farið er. Þar sem engir farseðlar eru gefnir út, hefur nægt að sýna reikning frá Tanna Travel þar sem bókunarnúmer ferðar kemur fram.
- Alltaf er hægt að taka pening út erlendis í hraðbanka en til þess að það sé hægt þarf að hafa kreditkort eða debetkort og leyninúmer á viðkomandi korti, sem fæst í banka hvers og eins.
- Hver farþegi þarf að hafa vegabréf meðferðis. Þeir sem ekki eiga slíkt, er bent á að snúa sér til næstu sýsluskrifstofu til að útvega það. Best er að hafa ekki minna en 2ja vikna fyrirvara á því.

Ef spurningar vakna, hikið ekki við að hafa samband við okkur.